

	kr.
Gyltur	13.000
Geltir	20.000
Grísir	4.000
Kanínur	1.500
Minkar: Karldýr	2.900
Kvendýr	1.800
Hvolpar	0
Refir: Karldýr og kvendýr	4.400
Hvolpar	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri	3.000

Reykjavík, 4. janúar 2001.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 2/2001 um skattmat vegna staðgreiðslu 2001.

Með vísan til 2. tl. 74. gr., A-liðs 30. gr. og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði í c-lið 6. gr. reglugerð nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, hefur ríkisskattstjóri sett eftirfarandi reglur um mat á hlunnindum o.fl. til tekna og kostnaði til frádráttar frá tekjum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2001.

1. Mat á hlunnindum o.fl. til tekna.

Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs, og skiptir þá ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, fríðindi og hlunnindi svo sem fríar ferðir, áskriftir fjölmiðla, tryggingar, síma, tölvur, svo og framlög og gjafir. Kaupauka í formi þess að launagreiðandi veitir launþega sínum umbun með gjöf vegna starfsaldurs launþegans eða sem verðlaun fyrir frammistöðu ber einnig að telja til tekna sé verðmæti hans hærra en almennt gerist um tækifærisgjafir. Greiða ber staðgreiðslu af framangreindum tekjum nema þær séu undanþegnar staðgreiðslu skv. reglugerð nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

Sé ekki í reglum þessum ákveðið mat á tilteknum staðgreiðsluskyldum hlunnindum skal telja þau til tekna og greiða af þeim staðgreiðslu miðað við gangverð eða kostnaðarverð ef gangverð er ekki þekkt. Séu hlunnindi eða annað, sem telja ber til tekna, látið af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmatið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna og greiða af honum staðgreiðslu.

Teknamat hlunninda o.fl. vegna staðgreiðslu á árinu 2001 fer hér á eftir:

1.1. Bifreiðahlunnindi.

Afnot starfsmanns af fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið (station) og jeppabifreið, eða öðrum bifreiðum sem hægt er að hafa sambærileg not af, svo sem sendibifreiðum, sem launagreiðandi hans lætur honum í té til fullra umráða, skulu metin starfsmanni til tekna sem hér segir:

Af bifreið sem tekin var í notkun á árunum 1999, 2000, eða 2001, skal meta afnot í heilt ár til tekna sem 20% af verði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint hér á eftir. Af eldri bifreið skal meta hlunnindi til tekna sem 15% af verði hennar. Ekki skiptir máli hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Hafi afnot af bifreið varað hluta úr ári skulu afnotin metin til tekna í hlutfalli við afnotatímann.

Verð bifreiðar er í þessu sambandi skilgreint sem staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á nýrri sams konar bifreið af síðustu árgerð frá bifreiðumboði, að meðtöldu verði á hvers konar auka- eða sérútbúnaði bifreiðarinnar. Sé síðasta árgerð bifreiðarinnar eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum.

Hafi starfsmaður greitt vinnuveitanda fyrir afnot af bifreiðinni skal hin greidda fjárhæð koma til frádráttar frá matinu. Sama á við ef starfsmaður greiðir rekstrarkostnað bifreiðar annan en eldsneytiskostnað og kostnað við eðlilega umhirðu á bifreiðinni, svo sem þvotta og bónun, enda afhendi starfsmaður launagreiðanda sínum kvittanir frá þriðja aðila fyrir slíkum kostnaði og fái hann ekki endurgreiddan. Greiði starfsmaðurinn allan eldsneytiskostnað og eftir atvikum þungaskatt vegna bifreiðarinnar skal matið lækkað um 4 prósentustig, þ.e í 16% eða 11% af metnu verði bifreiðarinnar.

Hafi starfsmaður haft afnot af bifreið launagreiðanda síns og einungis verið heimilt að nota hana utan vinnutíma til aksturs milli heimilis og vinnustaðar og til einstakara tilfallandi afnota skal meta slík takmörkuð afnot til tekna miðað við 45,00 kr. á hvern ekinn kílómetra. Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattyfirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá starfsmanni. Sé um frekari afnot að ræða telst starfsmaður hafa full umráð bifreiðar eins og greint er frá hér að framan. Þeir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar þeirra og aðrir í sambærilegum störfum teljast hafa ótakmörkuð afnot af bifreiðum, sem þeir hafa afnot af.

Mánaðarleg hlunnindi skulu ákveðin sem 1/12 af framangeindu mati.

1.2. Fæðishlunnindi.

Fæði, sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té endurgjaldslaust, skal metið honum til tekna sem hér segir:

Fyrir fullt fæði, fullorðins	900 kr. á dag
Fyrir hálft fæði, fullorðins	450 kr. á dag
Fyrir fæði að hluta (ein máltíð)	300 kr. á dag

Láti launagreiðandi starfsmanni í té fæði á lægra verði en skattmat ríkisskattstjóra segir til um skal telja mismuninn tekjur starfsmanns. Sérhver önnur fæðishlunnindi, sem látin eru starfsmanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, ber að telja til tekna á kostnaðarverði.

1.3. Íbúðarhúsnæði.

Ef launagreiðandi lætur starfsmanni sínum í té endurgjaldslaus afnot íbúðarhúsnæðis, skulu þau metin starfsmanni til tekna og af þeim reiknuð staðgreiðsla sem hér segir:

Fyrir ársafnot reiknast 2,7% af gildandi fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar. Fjárhæð þessi skiptist hlutfallslega á notkunartímabil miðað við tímalengd þeirra. Hafi starfsmaður afnot íbúðarhúsnæðis, sem launagreiðandi hans lætur honum í té gegn endurgjaldi sem er lægra heldur en 2,7% af gildandi fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar, skal meta launþega mismuninn til tekna. Endurgjaldslausa orkunotkun (rafmagn og hiti) skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Eigi skal meta starfsmanni til hlunninda afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem starfsmaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

2. Mat til frádráttar frá tekjum.

2.1. Frádráttur kostnaður á móti ökutækjastyrk.

Við ákvörðun staðgreiðslu má leyfa frádrátt frá greiddum ökutækjastyrk vegna endurgreiðslu á bifreiðakostnaði að kr. 45,00 á hvern kílómetra sem ekinn er í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur. Hafi launþegi fengið greitt svonefnt „sérstakt gjald“ eða „torfærugjald“ á árinu 2001 fyrir akstur ökutækis síns má fjárhæð hámarksfrádráttar fyrir hvern ekinn km sem greiddur var skv. „sérstöku gjaldi“ vera kr. 51,75 og skv. „torfærugjaldi“ kr. 65,25.

Skilyrði fyrir frádrætti kostnaðar á móti greiddum ökutækjastyrk er að um sé að ræða sannanlegan rekstrarkostnað sem starfsmaður hefur orðið fyrir vegna rekstrar ökutækis og að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, kílómetragjald greitt launamanni, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 490 frá 28. desember 1992. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirlömdum þegar þau óska þess.

2.2. Frádráttur á móti fengnum dagpeningum.

Heimilt er að halda utan staðgreiðslu dagpeningum sem starfsmaður hefur fengið greidda frá launagreiðanda sínum enda hafi dagpeningarnir verið greiddir vegna tilfallandi ferða á vegum launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar og launþeginn hefur greitt gistingu og fæði og annan ferðatengdan kostnað svo sem fargjöld frá og að flugvöllum. Frádrátturinn er háður því skilyrði að fyrir liggi í bókhalði launagreiðanda, sem og hjá starfsmanni, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala starfsmanns.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum er mat ríkisskattstjóra á dagpeningum sem heimilt er að halda utan staðgreiðslu á árinu 2001 sem hér segir:

Dagpeningar innanlands.

	Jan. - maí	Júní - ágúst	Sept. - des.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	10.000	11.400	10.200
Fyrir gistingu í eina nótt	5.600	7.000	5.800
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	4.400	4.400	4.400
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.200	2.200	2.200

Dagpeningar erlendis í SDR.

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
Bretland og Rússland	128	90	82	58
New York borg og Washington DC	132	78	85	50
Asía og Suður-Ameríka	130	105	83	67
Annars staðar	95	90	61	58

Sé dvalið skemur en 3 vikur á sama stað er heimilt að draga frá fulla almenna. Sé dvalið 3 vikur eða lengur á sama stað er heimilt draga frá fulla almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi er honum einungis heimilt að draga fjárhæð samsvarandi „Annað“ frá fengnum dagpeningum.

Hafi starfsmaður fengið greidda dagpeninga fyrir samtals 30 daga eða fleiri á árinu 2001 skulu viðmiðunarfjárhæðir hér að framan lækka um kr. 900 fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga samfellt. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands. Samsvarandi fjárhæð vegna dagpeningagreiðslna innanlands fyrir hálfan dag er kr. 450.

Reykjavík, 4. janúar 2001.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Sæsilsfurs hf. (áður AGVA ehf.) í Mjóafirði, kt. 510200-3140. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. ágúst 2007.

Reykjavík, 5. janúar 2001.

Hollustuvernd ríkisins,

Davíð Egilson forstjóri.

*Helgi Jensson forstöðumaður
mengunarvarnasviðs.*

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og
þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 503/1998, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við gjaldskrána:

a. Við viðaukann bætist eftirfarandi:

	Gjaldeiningar
Nýtt ADR skírteini, vottorð vegna starfsþjálfunar	3,5
Endurútgáfa ADR skírteina, vottorð vegna starfsþjálfunar	1,7
Garðúðunartæki og álíka búnaður	4,5